

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 5. júní 1991.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra
sjómanna, nr. 371 25. október 1976.**

1. gr.

9. grein orðist svo:

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 7. maí ár hvert og síðan fjórða virkan dag hvers mánaðar, í janúar þó 7. dag þess mánaðar. Ekki skal þó dregið á laugardögum, almennum frídögum, helgidögum eða virkum degi eftir helgidag eða almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir. Hapdrættisráð getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar ef því þykir ástæða til.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16, 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. júní 1991.

F. h. r.

Jón Thors.

Anna Th. Gunnarsdóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í júnímánuði 1991 samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 18% tekjutryggingarauka í júlí 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. maí 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.